

hliðsjón af öllum atvikum, er hér skipta máli, kr. 45000.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá upphæð ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz s. l. til greiðsludags og kr. 3600.00 í málskostnað.

Samkvæmt 236. gr., 4. tölulið, siglingalaganna nr. 56/1914 verður og viðurkenndur sjóveðréttur í m/s Herma fyrir upphæðum þessum til handa stefnanda, enda þykja ekki efni til að taka til greina mótmæli stefnda gegn sjóveðrétti, þótt hann hafi sett tryggingu fyrir dómsupphæðunum.

Dóm þenna kváðu upp þeir Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og meðdómendurnir Benedikt Steingrímsson hafnarvörður og Gísli Eyland skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, A. E. Larsen f. h. eigenda og váttryggjenda m/s Herma, greiði stefnanda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, kr. 45000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz s. l. til greiðsludags og kr. 3600.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í m/s Herma, Bergen, fyrir upphæðum þessum.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maí 1950.

Nr. 57/1949. **Guðmundur Árnason f. h. búenda í Landmannahreppi** (Magnús Thorlacius)
 gegn
Holtahreppi og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Máli um veiðiréttindi vísað frá héraðsdómi sökum ófullnægjandi kröfugerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1949. Krefjast þeir þess, að ákveðið verði, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Fiskivötnum (Veiðivötnum) á Landmannaafretti og að öðr-

um en búendum í Landmannahreppi sé veiði þar óheimil nema með sérstöku leyfi hverju sinni. Svo krefjast aðaláfrýjendur þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. júní 1949, áfrýjað málinu með stefnu 9. júní s. á. Hann hefur og fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess aðallega, að kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið, en *til vara*, að honum verði dæmdur réttur til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) við hlið aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að málflytjanda hans verði dæmd málsvarnarlaun fyrir báðum dómum.

Í máli þessu krefjast aðaláfrýjendur þess, að þeim einum verði dæmdur réttur til veiði í Fiskivötnum eða Veiðivötnum á Landmannaafrétti. Í málinu er ágreiningur um það, hver séu mörk Landmannaafréttar, og hefur það ekki verið nægilega leitt í ljós. Þá er einnig deilt um, til hvaða vatna kröfur aðaláfrýjanda taki og hver séu takmörk vatnasvæðis þess, sem málið fjallar um. Þar sem svo er ástatt, sem að framan segir, þar héraðsdómara samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919 að nefna samdómendur og fara með málið svo sem þar greinir.

Einn aðaláfrýjenda hefur markað á uppdrátt vatnasvæði það, sem hann telur vötn þau vera á, er krafa aðaláfrýjenda tekur til, en það er gert með þeim hætti, að ekki væri unnt að leggja það til grundvallar dómi í málinu. Skortir því gögn um örnefni eða kennileiti, sem takmörk vatnasvæðisins eiga að miðast við. Sökum þessa eru kröfur aðaláfrýjanda ekki nægilega ákveðnar til dómsúrlausnar. Þess er og getanda, að í málinu hefur ekki verið gerð nægileg tilraun til að leiða í ljós, hverjar venjur hafa gilt hér á landi um veiði í vötnum á afréttum.

Með skírskotun til þeirra atriða, sem nú voru greind, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en að málsvarnarlaun málflytj-

anda gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum, samtals kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður, en málsvarnarlaun málflytjanda gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómpings Rangárvallasýslu 11. desember 1948.

Mál þetta er höfðað af Guðmundi Árnasyni hreppstjóra, Múla í Landmannahreppi, f. h. búenda í Landmannahreppi með opinberri stefnu, útgefinni 10. marz 1947, til viðurkenningar því, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum á Landmannaafrétti og sé öðrum þar óheimil veiði nema með sérstöku leyfi hverju sinni.

Af hálfu stefndu hefur mætt hreppsnefnd Holtahrepps fyrir hreppsins hönd og búenda í Holtahreppi og gert þær dómkröfur í greinargerð, að viðurkenndur verði réttur þeirra til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) á Landmannaafrétti til jafns við búendur í Landmannahreppi. Undir rekstri málsins hefur varnaraðili nánar túlkað kröfu sína þannig, að hann mótmælir því, að dómkröfur sóknaraðilja verði teknar til greina, en krefst þess til vara, að viðurkenndur verði veiðirétturinn til jafns við sóknaraðilja. Báðir hafa málsaðiljar krafizt málskostnaðargreiðslu úr hendi hins samkvæmt mati dómarans.

Hreppsnefnd Holtahrepps hefur fengið gjafvarnarleyfi og talsmaður hennar, Sveinbjörn Jónsson hrl., krafizt sér tildæmdra málsvarnarlauna.

Málið var tekið til dóms 6. nóvember síðastl. Áður hafði málið verið tekið til dóms (24. apríl s. l.), en þegar nánar var aðgætt, þótti nauðsyn bera til þess að freista þess að afla frekari upplýsinga um mörk Landmannaafréttar. Á landabréfi því (herforingjaráðskorti), sem lagt hefur verið fram (rskj. nr. 19), reyndist ekki unnt að draga upp mörk afréttarins samkvæmt framlagðri landamerkjaskrá fyrir afréttinn (rskj. nr. 26). Var því ákveðið að fá einn hinn kunnasta mann á þessum slóðum, Ágúst Böðvarsson landmælingamann hjá vegamálastjóra, til þess að ganga frá nýjum uppdrætti af landsvæðinu, sem hér um fjallar, og marka inn á hann landamerkjalinur afréttarins samkvæmt merkjaskránni. Hinn nýi uppdráttur ásamt greinargerð landmælingamannsins var framlagður í réttarhaldinu 6. nóv. s. l.

Þá ber að geta þess, að dómaranum þótti eigi mál þetta þess eðlis, að

ástæða væri til vettvangsgöngu og tilkvaðningar meðdómsmanna. Ágreiningur er að visu uppi um mörk afréttarins, en eigi þess háttar, að þörf teljist, að úr honum sé skorið, áður dómur gangi í þessu máli, og verður að þessu atriði nánar komið síðar.

Í málf lutningi hefur varnaraðili látið liggja orð að því, að óvíst væri, hverjir búendur Landmannahrepps væru. Að því er þetta málsatriði áhrærir, þykir dómaranum fullljóslega fram komið, hverjir þeir eru. Í sérstökum skjölum máls eru tilgreindir eigendur eða fyrirsvarsmenn allra jarða hreppsins, en dómkröfur sóknaraðilja varða einmitt jarðirnar.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að búendur jarða í Landmannahreppi hafa um langt skeið sótt veiðiskap til Veiðivatna (einnig nefnd Fiskivötn) og af þeirri sök þegar hefðað veiðiréttindi í vötnunum undir allar jarðir hreppsins, en um sameiginleg veiðiafnot þeirra hafi verið að ræða. Auk þess hefur sóknaraðili í sóknarskjölum að því vikið, að Landmannahreppur eigi Landmannaafrétt (eignarréttur að landi) og sakir þess hafi búendur hreppsins einir rétt til veiði í vötnunum.

Varnaraðili mótmælir því, að Landmannaafréttur nái norður fyrir Tungnaá, og enn fremur því, að búendur Landmannahrepps hafi með veiðistundan sinni í Veiðivötnum unnið hefð á veiðiréttindum þar sér til handa. Búendur hreppsins hafi engan rétt haft né hafi til veiða þar fram yfir það, sem hver og einn landsins þegn hafi til veiða í fiskivötnum á almenningum. En á afréttinum sé einungis um beitarréttindi að ræða.

Það er fullupplýst í máli þessu, að ýmsir búendur Landmannahrepps hafa stundað veiðar í Veiðivötnum um langt skeið. Enn fremur að þangað hafa einnig sótt til veiðifanga áður fyrr Skaftfellingar og svo búendur úr Holtum að einhverju leyti. Um það, hverjir aðrir hafa veitt þar, eru ekki nánari upplýsingar, en vitað, að einhverjir munu það vera.

Þá þykir rétt að rekja nokkuð aðstöðu á Veiðivatnasvæðinu og upplýsingar framkomnar um afréttarmörk.

Veiðivötn (Fiskivötn) eru í hinni opinberu stefnu talin vera á Landmannaafrétti. Á framlögðum uppdráttum sést (sem alvitað var), að vötn þessi eru norðan Tungnaár. Þau eru víðáttumikill vatnaklasi, vötnin æði mörg og sum þeirra stór. Í sumum þeirra er talin góð silungsveiði, önnur álitin „dauð“. Sérstök heiti hafa sum vatnanna. Sóknaraðili hefur afmarkað Veiðivötn á rskj. nr. 19 og merkt þau vatnanna með rauðum krossi, sem hann veit til, að veitt hafi verið í. Samkvæmt þessu afmarkast Veiðivatnasvæðið þannig: Að sunnan ræður Tungnaá og að austan, allt að miðju Jökulvatni, þaðan ræður lína dregin um Hraunskarð nokkuð norður fyrir Hraunvötn, sveigir línan í stefnu á Vatnakvísl, síðan ræður lína aðeins vestan Vatnakvísar í Tungnaá. Þessi afmörkun Vatnasvæðisins kemur enn ljósar fram á rskj. nr. 19 og þykir ekki betur verða ákveðin, enda af kunnustu mönnum gerð.

Eins og fyrr er dregið á, er ágreiningur um mörk afréttarins. Í dómi frá 1476 (rskj. nr. 17) eru Holtamanna- og Landmannaafréttir taldir vera frá Tungnaá og til Sprengisands vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á millum að réttri tiltölu. Í

„dómi“ þessum er ekki greint á milli afrétta, eigi er heldur getið landsins sunnan Tungnaár. Þessi dómur virðist því um mörkin vera óljós, og víst má telja, að hann sé ekki undirstaða þess, að Landmannahreppur og Holtamannahreppur hafi þar með eignast þær lendur, sem hann fjallar um. Þá kemur hitt til, að upplýst er af hálfu beggja aðilja, að Landmenn hafi ekki rekið fé sitt norður fyrir Tungnaá. Hins vegar hafa bæði Landmenn og Holtahreppsmenn smalað á haustin norður fyrir ána um Veðivatnasvæðið. Þeir, sem á þessum slóðum hafa smalað, hafa verið taldir smala Öræfin og nefndir Öræfamenn eða Vatnamenn.

Loks er að geta merkjaskrárinnar fyrir Landmannaafrétt (rskj. nr. 26). Hún er undirrituð af hreppsnefndarmönnum Landmanna, Holtamanna og Rangárvallahreppa, dags. 22. okt. 1886 og þingl. árið 1890. Mætti ætla, að mörk afréttarins væru þar svo glöggð ákveðin, að ekki yrði um villzt, að því er varðar þessa hreppa að minnsta kosti. Fyrir liggur skýr uppdráttur, sem þaukunnugur landmælingamaður hefur reynt að draga inn á markalínur, eftir því sem merkjaskráin segir fyrir. Þá línu, sem hér skiptir höfuðmáli, norðurlínuna, hefur eigi tekizt að draga. Er um að kenna örnefni, sem eigi þekkist. Eftir því sem næst verður komizt, eins og málsatriði liggja hér fyrir, mætti jafnvel ætla, að norðurlína afréttarins fari um Veðivatnasvæðið nærri mitt, eða þar um bil.

Við uppdráttinn á réttarskj. nr. 43 svo og greinargerðina á rskj. nr. 44 hafa aðiljar engar athugasemdir gert.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður eigi annað álitid en fullkomin óvissa ríki um afréttarmörkin og þá einnig að sjálfsögðu um það, hvort Veðivötn eru á Landmannaafrétti eða ekki eða hver þeirra, ef einhver væri þar. Spurningin verður nú sú, hvort þessi óvissa um afréttinn verði talin skipta höfuðmáli hér. Álita verður, að svo sé ekki. Veðivötnin eru þekkt með nægilegri vissu, og sóknaraðili gerir fyrst og fremst kröfu til veiðiréttar í þeim. Má jafnvel afsaka, að hann hafi í máli þessu talið þau vera á afréttinum, og ekki að vita, hver mörk afréttarins verða ákveðin af þeim aðiljum, sem að lögum um þau mál eiga að fjalla. En hvort sem heldur er, að þau liggi á afrétti eða almenningi eða hvort tveggja, virðist gilda einu í þessu máli, þar sem ekki er sannað, að Landmannahreppur eigi önnur réttindi að sínum afrétti en hin venjulegu, þ. e. beitarréttindi.

Þá er eftir að athuga, hvort búendur Landmannahrepps hafi með veiðistundan sinni í Veðivötnum unnið jörðum hreppsins einum réttindi til veiði þar.

Frá fornu fari hefur sú regla gilt, að öllum sé heimil veiði í fiskivötnum á almenningi. Reglu þessa verður að telja hafa einnig gilt um afrétti, þar sem einvörðungu er um beitarréttindi að ræða. Regla þessi er lögfest nú í vatnalöggjöfinni frá 1923 og síðan í lögum um lax- og silungsveiði nr. 112/1941, 5. gr., 2. mgr. Síðast í þeirri gr. segir, að því aðeins verði reglunni beitt, að enginn geti sannað einstaklingsréttarlega heimild að landinu. Í 5. gr., 1. mgr., sömu laga er það tilfelli haft fyrir augum, þá er afréttir eru eign eða geti verið eign einstaklinga (héraða o. s. frv.). Eins

og áður getur, eru eigi leiddar að því sannanir, að einstaklingar (hreppur eða hreppar) eigi eða hafi átt land þar, sem Veiðivötn eru.

Niðurstaðan verður því sú, að álíta verður, að öllum hafi verið og sé heimil veiði í Veiðivötnum norðan Tungnaár og búendur í Landmannahreppi hafi því ekki með veiðistundan sinni í þeim vötnum útilokað aðra frá sams konar notkun vatnanna. Krafa sóknaraðilja, að viðurkennt verði með dómi, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum og sé öðrum þar óheimil veiði nema með sérstöku leyfi hverju sinni, verður því eigi tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en skipuðum talsmanni sóknaraðilja ákveðast hæfileg málsvarnarlaun, kr. 700.00, sem greiðist úr ríkissjóði.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu frá 24. apríl s. l., stafar m. a. af því, að á tímabilið síðan hafa fallið sýslunefndarstörf, undirbúningur manntalsþingaferða og þingaferðir. Auk þess hefur dómariinn orðið síðustu vikurnar að vera fjarverandi sakir starfa í Reykjavík að aðkallandi mál-efnum héraðsins.

Því dæmist rétt vera:

Krafa sóknaraðilja, Guðmundar Árnasonar f. h. búenda í Landmannahreppi, að viðurkennt verði með dómi, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum, skal ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður, en málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns varnaraðilja, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 75/1948. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sighvati Blöndahl og gagnsök

(Gústaf A. Sveinsson).

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1948. Krefst hann þess að verða einungis dæmd-